


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		
NÁLÆ2AS05 - fjarnám		
Námsáætlun vorönn 2017		

Kennari	Kristján Tryggvason (kristjan@vma.is)	Sk.st.	KTR
----------------	---------------------------------------	---------------	-----

Fjarkennslunni og fjarnáminu er þannig háttað að í hverri viku fær fjarnemi (þú) leiðbeininga- og upplýsingabréf og skilaverkefni send í tölvupósti. Spurningunum í skilaverkefnunum skal svarað fyrir neðan hverja spurningu og verkefnið svo sent til sendanda/mín í tölvupósti. Inni í MOODLE finnast síðan ýmsar upplýsingar um áfangann, m.a. glærur, gagnvirk æfing og lokapróf/prófsýni.

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefn
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar		Vægi
Lokapróf	Skriflegt lokapróf		80%
Verkefnaskil	12 skilaverkefni og staðfræðiverkefni – 10 bestu gilda		20%
	Samtals:		100%
Annað: Til þess að ná áfanganum þarf nemandi að ná vissu lágmarki í staðfræði, þ.e. vera með 10 atriði rétt af 44 á lokaprófi.			

Áfangalýsing: Í áfanganum er varpað ljósi á það hvernig maðurinn nýtir auðlindirnar en einungis sjálfbær nýting dugir til langframa. Umhverfisvernd er samofin sjálfbærri þróun en hvort tveggja er tekið fyrir. Ýmis lýðfræðihugtök eru kynnt og þjálfuð. Staðfræði er all stór hluti áfangans þar sem markmiðið er að vita hvar öll lönd heimsins liggja, þéttbýlisstaðir á Íslandi ásamt helstu fjörðum, eyjum, jöklum og leiðum. Lögð er áhersla á kortalæsi, kynnt eru helstu fyrirbærin í lofthjúpnum og hvernig vindakerfi jarðar ákvarða hvar helstu þurrka og úrkomsvæðin eru. Kynnt eru m.a. hin frjósömu jarðvegssvæði jarðar, græna byltingin og helstu gerðir landbúnaðar. Þróun landa og þróunarkvarðar eru teknir fyrir, iðnaður og viðskiptabandalög, borgvæðing og skipulagsmál. Nemandi vinnur sjálfstætt og í hópum að lausn verkefna. Áhersla er lögð á tengingu við umhverfi og reynsluheim nemenda, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sjálfbærri þróun
- bauganeti og tímabeltum jarðar
- hvernig möndulhalli jarðar orsakar árstíðirnar
- ákvarðandi þáttum varðandi fólksfjölda og fólksfjölgunar- og neysluvandmálum
- lýðfræðiferli, fólksfjöldapýramíðum og helstu mælikvörðum á þróun landa
- vindakerfum jarðar og samspili við helstu þurrka- og úrkomsvæði jarðar
- Grænu byltingunni og áhrifum hennar
- helstu bandalögum sem Ísland tengist eða er hluti af


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ræða og miðla hvað telst til sjálfbærrar þróunar og hvað ekki
- beita landakortum og rafrænum kortum til að lesa almennar upplýsingar
- beita ýmsum lýðfræðihugtökum, t.d. náttúruleg fólksfjölgun, fólksfjölgun, frjósemi, ungbarnadauði, ...
- skoða heiminn í ljósi beltaskiptingar hvað varðar þurr og vot svæði og tengsl við vindakerfi jarðar
- skoða atvinnugreinar og staðarval þeirra

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tileinka sér gagnrýna hugsun og sjálfstæð vinnubrögð
- afla og meta heimildir og nýta þær í hagnýtum tilgangi
- nýta sér kortalykil t.d. til að finna út stærð þéttbýliskjarna, hæð og vegalengdir

Námsgögn: Landafræði, maðurinn – auðlindirnar – umhverfið. Þýdd af Jónasi Helgasyni. Mál og menning (Edda útgáfa) 2005. Kortabók (1996 eða yngri).

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	NÁLÆ2AS05 - fjarnám	Námsáætlun vorönn 2017

Áætlun um yfirferð og verkefni:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
5 - 6	<p>1. Landfræði - allt um heiminn (8 - 31) M.a. um auðlinda-nýtingu, hringrásir og sjálfbæra þróun. Kjarnasvæði – jaðarsvæði. Kort: bauganet, kortavarpanir, hæðarlínur. Heimsmyndin í tímans rás. Íslandskort og kortasaga.</p> <p>2. Jörðin – reikistjarnan okkar (32 - 39). Ýmis lykilatriði fyrir tilvist lífs á jörðinni. Árstíðirnar og möndulhallinn. Tímabeltin og tímamunur.</p>	<p>Skilaverkefni úr köflum 1 og 2</p> <p>Staðfræðiverkefni – heimurinn</p>
7	<p>3. Mannkynið og búsetan (40 - 68). Tengsl ýmissa lífsskilyrða og þéttbýlis. Fólksfjöldapróun í heiminum og hvernig hún er tengd m.a. velmegun og menntun. Hugtök í lýðfræði kynnt: mannfjöldapíramídar, frjósemisstuðull, náttúruleg fólksfjölgun. Fólksflutningar, þjóðir og landamæri. Íbúar landsins okkar.</p> <p>4. Jarðskorpan (69 – 123) Við sleppum þessum kafla nema bls.104 varðandi myndun lössjarðvegs og bls. 115 – 117 um mismunandi gerðir jarðvegs.</p>	<p>Skilaverkefni úr kafla 3</p> <p>Staðfræðiverkefni – Ísland</p>
8 - 10	<p>5. Vatnið – lífsnauðsynleg auðlind (124 - 159). Við sleppum þessum kafla nema bls. 130-131 sem koma inn á tvö megin-vandamál mannkyns, þ.e. flóð og jarðvegseyðingu. Einnig bls. 138 sem kemur inn á endurbætta nýtingu vatnsins.</p> <p>6. Veður, loftslag og gróðurfar. (160 – 201) Fellibyljir, lofthjúpur jarðar, vindakerfin, hiti, úrkoma, úrkomutegundir, loftslagsbelti. El Ninjó, hitahvörf, loftslagsbreytingar. Gróðurbelti jarðar. Gróður og jarðvegur á Íslandi.</p>	<p>Skilaverkefni úr kafla 6</p> <p>MOODLE æfing</p> <p>Skilaverkefni 6-7 tvöfalt verkefni með staðfræði-prófi</p>
11 - 13	<p>7. Lifað af landinu (202 - 231). Um jarðveginn, loftslagið og aðgengi vatns til ræktunar. Sjö greinar landbúnaðar. Íslenskur landbúnaður.</p> <p>11. Ein jörð – margir heimar (312 - 337). Iðnríki - þróunarlönd. Grunnstoðir, þróunarkvarðar, einkenni, kröfur þróunarlandanna á iðnríkin. Frumkvöðlar. Íslensk þróunar-samvinna.</p>	<p>Skilaverkefni-8</p> <p>Skilaverkefni úr kafla 7</p> <p>Skilaverkefni úr kafla 11</p>
14	<p>8. Iðnaður, viðskipti og samgöngur (232 - 265). Greinar atvinnulífsins, staðarval iðnaðar, alþjóðavæðing. Nauðsyn viðskipta, viðskiptasamningar og bandalög. Þróunarþríhyrningurinn. Val á flutningatækjum. Iðnaður og þjónusta á Íslandi.</p>	<p>Skilaverkefni úr kafla. 8</p>
16 - 18	<p>9. Borgir, borgarumhverfi og skipulag. (266 – 285) Borgvæðing og þéttbýlisstig. Borgir gegnum tíðina. Mism. gerðir borga. Upplönd borga. Þéttbýlismyndun á Íslandi.</p>	<p>Skilaverkefni úr kafla 9</p> <p>Upprifjun og ábendingar</p>

Dagsetning: 30. janúar 2017


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils